

Nd.

283. Frumvarp til laga

[183. mál]

um kirkjubyggingasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Hlutverk kirkjubyggingasjóðs, sem stofnaður var með lögum nr. 43/1954, er að veita þjóðkirkjusófnuðum lán til kirkjubygginga í sóknum landsins og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum, sbr. og 6. gr.

2. gr.

Ríkissjóður skal greiða árlega í kirkjubyggingasjóð eigi lægri fjárhæð en 60 000 000 krónur. Endurskoða skal þá upphæð með hliðsjón af byggingavísitölu, eins og hún er 1. júlí ár hvert.

Kirkjubyggingasjóður veitir viðtöku gjöfum og fer um tekjuskatt af þeim samkv. 30. gr. E-liðs laga nr. 40/1978.

3. gr.

Stjórn kirkjubyggingasjóðs skal skipuð þrem mönnum. Biskup Íslands er formaður hennar, en kirkjubing kys tvo stjórnarmenn og jafnmarga til vara. Skal annar þeirra vera leikmaður, en hinn starfandi prestur. Kjörtímabil er fjögur ár.

Kirkjubyggingasjóður er í vörslu biskupsembættisins, er annast fjárreiður sjóðsins og bókhald.

Reikningar sjóðsins skulu birtir í Stjórnartíðindum.

4. gr.

Sóknarnefndir skulu í lánsúmsóknum gera glögga grein fyrir áformum um kirkjubyggingu eða endurbót á eldri kirkju, þ. á m. kostnaðaráætlunum og áætlunum um framkvæmdatíma. Teikningar og kostnaðaráætlanir skulu lagðar fyrir þriggja manna nefnd, sem í eiga sæti biskup Íslands, húsameistari ríkisins og þriðji maður, sem kirkjumálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn, og skipar hann varamann til sama tíma. Biskup er formaður nefndar þessarar. Eigi má veita lán úr sjóðnum nema teikning af kirkjubyggingu eða af endurbót á eldri kirkju hafi hlotið samþykki nefndarinnar.

5. gr.

Lánsupphæð miðast við stærð kirkju. Má hún vera allt að 20 000 krónur á hvern teningsmetra, þó aldrei meira en 100 000 krónur á hvern fermetra gólfflatar, en fjárhæðir þessar breytast í samræmi við byggingavísitölu, sbr. 2. gr. 1. málsg.

Byggingalánin endurgreiðast með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta á 40 árum.

Til endurbóta á eldri kirkjum má eigi veita hærri lán en sem svarar $\frac{2}{5}$ kostnaðar samkvæmt reikningum, sem sjóðstjórn úrskurðar. Lán þessi endurgreiðast með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta á 20 árum.

6. gr.

Heimilt er að veita lán úr kirkjubyggingasjóði til kirkjubyggingar eða endurbóta á kirkju, þótt í einkaeign sé, að fengnum meðmælum sóknarnefndar og umsögn héraðsprófasts, enda sé kirkja notuð í þágu þjóðkirkjusafnaðar, svo sem safnaðareign væri, og eignir hennar ófullnægjandi til framkvæmdanna að dómi stjórnar kirkjubyggingasjóðs.

Alþt. 1980. A. (103. löggjafarþing).

159

7. gr.

Biskup Íslands getur nefnt fulltrúa sinn til að sitja fundi stjórnar kirkjubyggingasjóðs og nefndar samkv. 4. gr., og hefir fulltrúinn sömu stöðu og biskupi er ætluð í þessu sambandi.

Stjórn kirkjubyggingasjóðs og nefnd sú, sem mælt er fyrir um í 4. gr., geta leitað eftir aðstoð í störfum sínum, og greiðir kirkjubyggingasjóður þann kostnað.

8. gr.

Stjórn kirkjubyggingasjóðs semur frumvarp til reglugerðar er kirkjumálaráðherra staðfestir, um starfsemi sjóðsins og starfshætti stjórnar sjóðsins og nefndar samkv. 4. gr. svo og um framkvæmd laganna að öðru leyti. Í reglugerð er rétt að setja ákvæði um vexti af lánnum og önnur lánakjör að svo miklu leyti sem um þau er eigi mælt í lögum þessum og ennfremur um það, hversu umsóknir um lán skuli vera úr garði gerðar og hver gögn fylgi þeim og fyrir hvaða tíma umsóknir skuli berast ár hvert.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981, og falla þá úr gildi lög um Kirkjubyggingasjóð nr. 43/1954 ásamt breytingum, sbr. lög nr. 47/1955 og 26/1962.

Skipunartímabili núverandi stjórnar kirkjubyggingasjóðs lýkur, er kirkjuþing hefir kosið stjórnarmenn samkvæmt 3. gr. 1. málsg. og tilkynnt kirkjumálaráðherra um kosninguna.

Kirkjumálaráðherra skipar aðmann og varamann í nefnd þá, er greinir í 4. gr. þegar eftir að lög þessi öðlast gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Kirkjuþing 1978 samdi frv. til laga um kirkjubyggingasjóð, og var frv. á síðasta þingi í meginráttum í samræmi við það frv. Nú hefir kirkjulaganefnd, er skipuð er af dóms- og kirkjumálaráðherra farið yfir frv. frá síðasta þingi, og er frv. það, sem nú er flutt, í samræmi við ábendingar nefndarinnar og er það í þeirri mynd, sem nefndin gekk frá því. Segja má, að frv. sé í öllum meginráttum sama efnis og frv., er flutt var á síðasta þingi, að því athuguðu, að árlegt framlag til kirkjubyggingasjóðs er hér 60 millj. Frv. í þeirri mynd, sem það nú er flutt, er þó nokkru rækilegra um einstök atriði en fyrra frv. Þá fylgir frv. athugun, sem Hagstofa Íslands hefir gert á því, hvaða fjárhæðir nú svari til framlaganna, sem ákveðin voru til kirkjubyggingasjóðs með stofnlögnum frá 1954 og með lagabreytingu, sem gerð var 1962.

Í kirkjulaganefnd eiga sæti: Dr. Sigurbjörn Einarsson biskup, formaður, dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari og Baldur Möller ráðuneytisstjóri. Greinargerðin, sem fylgir frv., er samin af nefndinni.

Greinargerð.

Kirkjubyggingasjóður var stofnaður með lögum nr. 43/1954, en þau lög hafa tvívegis sætt breytingum, sbr. lög nr. 47/1955 og 26/1962. Sjóðurinn hefir gegnt markverðu hlutverki og stuðlað mjög að kirkjubyggingum hér á landi, þótt fjárskortur hafi jafnan bargað.

Í upphaflegum áætlunum um kirkjubyggingasjóð var gert ráð fyrir, að lán úr sjóðnum myndu nema $\frac{1}{5}$ — $\frac{2}{5}$ af byggingakostnaði kirkna, sbr. Alþ.tíð. 1953, A, bls. 384. Þetta hefir þó farið mjög á annan veg, þar eð framlög ríkissjóðs til sjóðsins hafa lengstum numið að verðgildi miklu lægri lágmarksfjárhæð en til var stofnað 1954 (og síðar með lagabreytingu 1962). Hin síðustu ár hafa framlög ríkisins

verið þessi samkvæmt fjárlögum (áttal miðað við það, hvenær fjárlög eru sett, síðasta ártalið þó sérstætt, þar eð fjárlög voru eigi sett, fyrr en 1980):

1974	8.0 millj. krónur		
1975	9.5	—	—
1976	12.0	—	—
1977	15.0	—	—
1978	13.5	—	—
1979	22.5	—	—

Samkvæmt lögum frá 1954 skyldi lágmarksfjárhæð úr rikissjóði vera 50 000 kr., en sú fjárhæð var hækkuð í 1 millj. kr. árið 1962. Ef fyrri fjárhæðin er framreiknuð, miðað við byggingavísitölu, sem er eðlileg viðmiðun, ætti fjárhæð þessi að vera nú 57.5 millj. krónur og 61 millj. krónur, ef síðari fjárhæðin er framreiknuð. Er það mjög miður, hversu til hefir tekist með framkvæmd laganna að þessu leyti. Samkvæmt könnun, er gerð var í ársbyrjun 1979, kemur í ljós, að lán til framkvæmda, sem lánsþæfar eru samkvæmt lögnum, nema aðeins 9.78% af því, sem þær mættu vera, miðað við framreiknað hámarksákvæði á lánnum til einstakra framkvæmda samkv. gildandi lögum. Til endurbygginga eða endurbóta kirkna hefur aðeins verið hægt að lána sem nemur 13.8% af framkvæmdakostnaði. Ef fullnægja ætti lánsþörfinni er talið, að kirkjubyggingasjóður þyrfti að hafa til ráðstöfunar rúmlega 500 millj. krónur, og er þetta þó áætlun, sem gerð var fyrir tæpum 2 árum. Sjóðurinn er vissulega aflvana og þarf nauðsynlega að efla hann, svo að um muni, ef honum á að verða auðið að gegna hlutverki sínu. Á það skal minnt, að hér er um lán að ræða, en ekki styrki, þótt þau séu vissulega hagstæð.

Kirkjubing hefir fyrir sitt leyti fallist á þá mikilvægu breytingu á gildandi lögum, að lán skuli greiddast með vöxtum, en hingað til hafa þau verið vaxtalaus, sbr. 1. gr. laga nr. 43/1954. Kemur þessi stefna fram í 1. gr. frv., sbr. og 8. gr. Er þetta gert í trausti þess, að framlög rikissjóðs til kirkjubyggingasjóðs verði hér eftir í samræmi við breytingu á byggingavísitölu, miðað við 1. júlí ár hvert.

Lagt er til í frv., að lánstími lækki úr 50 árum í 40 ár að því er varðar lán til kirkjubygginga. Ætti það að stuðla að því að efla sjóðinn sem lánasjóð, en endurgreiðslur í sjóðinn hafa í reynd skipt miklu minna máli en ella vegna lækkaðs verðgildis peninga. Námu þær 2 135 000 krónum árið 1978 og 2 433 000 krónum árið 1979.

Á það skal bent, að sums staðar í löndum, þar sem þjóðkirkja er, stendur hið opinbera straum af byggingakostnaði kirkna.

Almenningur hér á landi hefir lagt mikið af mörkum til kirkjubygginga, og sýnir það ótvírætt góðan hug almennings til kirkjunnar. Þetta mikilvæga liðsinni ber ríkisvaldinu að virða og leggja af sinni hálfu úr rikissjóði fram veigamikinn skerf til kirkjubygginga. Vissulega kæmi sterklega til greina, að framlög væru í formi styrkja, sbr. t. d. félagsheimili. Með frv. þessu er þó eigi brotið upp á slíkri stefnubreytingu, heldur horfir frumv. fyrst og fremst að því að kveða á um, að lágmarksframlög rikissjóðs til kirkjubyggingasjóðs, er lánar féð, skuli vera að verðgildi svipuð og verða skyldi samkv. lögnum frá 1954 og 1962 og að svo verði einnig til frambúðar. Er þess að vænta, að slíkt verði auðsótt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er það nýmæli, að numið er hurt það ákvæði að lánin skuli vera vaxtalaus. Samkv. 8. gr. skal kveðið á um vexti og önnur lánskjör í reglugerð, er sjóðstjórn semur, en kirkjumálaráðherra staðfestir.

Ákvæði, er svarar til 1. gr. 2. málsg. laga nr. 43/1954, er í 6. gr. frv.

Um 2. gr.

Hér að framan er gerð grein fyrir því, að framlag það úr ríkissjóði, sem kveðið er á um í þessari grein, samsvarar framreiknuðum fjárhæðum samkv. lögum nr. 43/1954 og lögum nr. 26/1962. Í greininni felst, að hækka skuli fjárhæðir til samræmis við stefnumörkun greindra laga og skuli endurskoða þær árlega samkv. byggingavísitölu. Kirkjubyggingasjóður hefir orðið hörmulega afskiptur um áratuga skeið, og er það réttlætismál, að úr því verði bætt.

Ákvæði 2. málsg. um skattfrelsi gjafa til kirkjubyggingasjóðs er að formi til nýmæli, en hér er aðeins vísað til skattalaga í þessu efni.

Um 3. gr.

Í 3. gr. 1. málsg. er það nýmæli, að tveir stjórnarmenn kirkjubyggingasjóðs skuli kosnir af kirkjubingi, en eigi Synódus, eins og nú er. Þykir eðlilegt, að kirkjubing, sem skipað er prestum og leikmönnum, kjósi stjórnarmennina, en lögín frá 1954 eru eldri en lögín frá 1957 um kirkjubing. Lagt er til, að kjörtímabil sé 4 ár, en eigi 3 ár, sbr. 2. gr. gildandi laga. Um lok kjörtímabils núverandi stjórnar og skipun nýrrar eftir gildistöku laganna eru ákvæði í 9. gr.

Rétt þykir að lögfesta þá skipan, sem nú gildir; að sjóðurinn sé í vörslu biskups-embættis, er annist fjárreiður sjóðsins og bókhald, sbr. 2. málsg. 3. gr.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar er nokkru rækilegra en í samsvarandi ákvæði laga 43/1954. Kveðið er á um, að sóknarnefndir geri glögga grein fyrir umsóknnum um lán úr kirkjubyggingasjóði og láti fylgja m. a. teikningar og kostnaðaráætlun, svo og áætlun um framkvæmdatíma. Má mæla nánar fyrir um þessi efni o. fl. í reglugerð, sbr. 8. gr. Teikningar og kostnaðaráætlanir á síðan að leggja fyrir þriggja manna nefnd, sem skipuð er með sama hætti að meginstefnu til sem nefnd samkv. 3. gr. laga 43/1954. Nefndarmaður sá, sem kirkjumálaráðherra skipar, er tilnefndur til fjögurra ára í senn, svo og varamaður hans. Þá er kveðið á um að biskup sé formaður nefndarinnar. Eigi má veita lán úr kirkjubyggingasjóði, nema nefnd þessi samþykki teikninguna af kirkju eða endurbót á kirkju. Í 8. gr. er gert ráð fyrir, að unnt sé að setja nánari reglur um starfshætti nefndarinnar í reglugerð. Um skipun nefndar þessarar eftir gildistöku laganna eru ákvæði í 9. gr.

Um 5. gr.

Ákvæði 1. málsg. samsvara 3. gr. laga 43/1954, sbr. 2. gr. laga 26/1962, en fjárhæðum er breytt til samræmis við breytt verðlag. Jafnframt er kveðið svo á, að þær fjárhæðir, sem hér eru nefndar, breytist í samræmi við byggingavísitölu, sbr. 2. gr. frv.

Svo sem áður greinir, er lagt til í 2. málsg., að lánstími styttest úr 50 árum í 40 ár, en lán til endurbóta á kirkjum endurgreiðast þó á 20 árum. Hér er rætt bæði um greiðslu afborgana og vaxta, með því að lán þessi verða með vöxtum eftir gildistöku laganna, en það ákvæði á vitaskuld ekki við um lán, sem innt eru af hendi fyrir gildistöku laganna.

Um 6. gr.

Ákvæði þetta samsvarar 1. gr. 2. málsg. laga 43/1954, og var bætt við 1. gr. með lögum 47/1955. Í greinargerð með frv. til síðastgreindu laganna, Alþingistiðindi 1954, A bls.288, var skýrt frá þeim kirkjum (bændakirkjum), sem þá voru í einkaeign hér á landi, alls 30 talsins. Þótt þessum kirkjum hafi fækkað, þykir rétt að halda þessu ákvæði.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli, sem styðst við auðsæ rök. Nauðsynlegt þykir, að biskup geti tilnefnt fulltrúa sinn til að sitja fundi kirkjubyggingasjóðs og nefndar samkv. 4. gr. og að hann hafi sömu stöðu að lögum í þessu efni sem biskup. Þá er ljóst, að bæði stjórn kirkjubyggingasjóðs og nefnd samkv. 4. gr. kunna að þurfa á aðstoð að halda við störf sín, og gerir 2. málsg. 7. gr. ráð fyrir, að kostnaður, sem af þessu kann að stafa, sé greiddur af kirkjubyggingasjóði.

Um 8. gr.

Ákvæðið er nýmæli, en þar er mælt fyrir um samningu reglugerðar um einstök atriði, sem nánar eru greind, svo og um framkvæmd laganna í heild sinni. Er vissulega brýn þörf á slíkum reglum, sem ákvæðið vîkur að.

Um 9. gr.

Hér eru ákvæði um gildistöku og kosningu stjórnar kirkjubyggingasjóðs eftir gildistöku laganna og lok á kjörtímabili núverandi stjórnar. Þá er einnig mælt fyrir um skipun nefndar samkv. 4. gr. eftir að lögin hafa tekið gildi.

Fylgiskjal.

Bréf Hagstofu Íslands 14. október 1980.

Með vísan til bréfs yðar dagsett 14. október 1980, þar sem þér biðjið um framfærslu ákveðinna fjárhæða eftir vísitölu byggingarkostnaðar, skal eftirfarandi upplýst:

Vísitala byggingarkostnaðar var reiknuð einu sinni á ári 1954, en þrisvar sinnum 1962, en þetta eru þau ár sem um ræðir í bréfi yðar. Við útreikning í október 1954 var byggingarvísitalan 904 stig. Miðaðist sá útreikningur við verðlag frá hausti 1953 til hausts 1954, í reynd þó mest við sumarverðlag 1954. Á sama grundvelli voru vísitölur ársins 1962 þessar: Febrúar 1962 1976 stig, júní 1962 1696 stig og október 1962 1744 stig. Óvegið meðaltal þessara vísitalna fyrir 1962 er 1705.3 stig. Síðasti útreikningur byggingarvísitölu fór fram í september s. l. og var hún þá 103741 stig, þegar miðað er við sama grundvöll og hér að ofan (grunntalan 100=1939). Með þessum tölum má færa til núvirðis fjárhæðirnar 500 000 kr. og 1 000 000 kr. sem hér segir:

$$500\ 000 \times \frac{103741}{904} = 57\ 378\ 872\ \text{kr.}$$
$$1\ 000\ 000 \times \frac{103741}{1705.3} = 60\ 834\ 457\ \text{kr.}$$

e. u.

Hrólfur Ásvaldsson.

Til nefndar, sem fjallar um endurskoðun kirkjulöggjafar.